

# Minnisblað

Til: Bæjarráð  
Frá: Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri  
Dags. 15. október 2021  
Mnr. 2020040001



ÍSAFJARÐARBÆR

## Áform um byggingu Knatthúss – staða mála og næstu skref.

Framkvæmd við byggingu Knatthúss á Torfnesi hefur verið boðin tvívegis út. Í fyrra útboðinu kom ekkert tilboð. Síðara útboðið var í febrúar á þessu ári en þar óskaði Ísafjarðabær eftir tilboðum í fullnaðarhönnun og uppsetning á íþróttahúsi við Torfnes í opnu útboði sem auglýst var á Evrópska efnahagssvæðinu. Á tilboðstíma barst eitt tilboð sem reyndist ófullnægjandi og var því þ.a.l. vísað frá. Í ljósi þessa hefur sveitarfélagið undanfarið haft samband við aðila á markaði til að kanna hvort áhugi sé á verkefninu eins og það var sett fram samkvæmt útboðsskilmálum.

Samkvæmt lögum um opinber innkaup er kaupendum heimilt að fara í samningskaup án undangenginnar útboðslýsingar þegar:

- engin tilboð eða engin fullnægjandi tilboð, engar tilkynningar um þátttöku,
- engar fullnægjandi tilkynningar um þátttöku, berast vegna almenns eða lokaðs útboðs, enda sé í endanlegum samningi ekki vikið í verulegum atriðum frá upphaflegum skilmálum útboðsgagna.

Í framhaldi af síðara tilboðinu var því leitað til þeirra fyrirtækja sem eru á þessum byggingamarkaði þ.e. þau fyrirtæki sem hafa reynslu af byggingu sambærilegra húsa og kannaður grundvöllur þess að semja á grundvelli útboðs. Þær viðræður hafa leitt í ljós að forsendur útboðs og kostnaðaráætlunar eru gjörbreyttar. Breyttar forsendur lúta einkum að því að hráefniskostnaður hefur hækkað verulega í Covid faraldrinum. Þannig hefur t.a.m. verð á stáli og timbri hækkað um tugi prósentu á árinu.

Verulegar breytingar hafa því orðið á þeim forsendum sem gengið var út frá í kostnaðaráætlun við þessa framkvæmd. Því er nauðsynlegt að fá fram með hvaða hætti við viljum leiða þetta mál áfram. Ef bjóða á út framkvæmdina aftur m.v. óbreyttar kröfur þá mun sú framkvæmd kosta umtalsvert meira en ráð var fyrir gert. Mögulegt er að breyta forsendum útboðs í þá átt að draga úr kröfum og byggja sambærilegt hús og hefur verið gert víða á landinu þ.e. óeinangrað. Þannig mætti ná kostnaði við framkvæmdina umtalsvert niður. Ef vilji er til að skoða aðrar leiðir í stöðunni er mikilvægt að fá það fram áður en lengra er haldið.

Mikilvægt er að eyða óvissu um framhald þessa máls og því brýnt að fá fram afstöðu til þess hver næstu skref í málinu eiga að vera.

Birgir Gunnarsson bæjarstjóri